



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um meðalaldur barna sem hófu leikskólagöngu í fyrsta skipti á tímabilinu 2011-2022.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 5. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:


Hver var meðalaldur barna við inngöngu (ekki innritun) í borgarreknum leikskólum í ágúst-september á ári hverju á tímabilinu 2011–2022? Tekið er fram að verið er að spyrja um meðalaldur barna sem hófu leikskólagöngu í fyrsta skipti, þ.e. höfðu ekki áður verið í leikskóla, t.d. í öðru sveitarfélagi eða hjá sjálfstætt starfandi leikskóla.

Svar:

Við svör fyrirspurnarinnar eru notuð gögn yfir þau börn sem eru skráð í borgarrekna leikskóla þann 11. október 2022.

Eftirfarandi forsendur eru að baki útreikningunum:

- Horft er til barna sem hófu vistun í borgarreknum leikskólum í ágúst eða september 2019-2022 (innskráning).
- Aðeins er horft til barna sem voru með venjulega vistunarumsókn eða forgangsumsókn en ekki til barna þar sem óskað var eftir flutning úr öðrum leikskólum enda ekki um fyrstu leikskóladvöl þeirra barna að ræða.
- Sum börn flytja til Reykjavíkur eftir að hafa verið í leikskólum í öðrum sveitarfélögum eða utan landsteinanna. Það er hins vegar ekki hægt að nálgast áreiðanlegar upplýsingar um hvort börn hafi verið í leikskóla utan sveitarfélags eða ekki áður en þau sækja um leikskóla í Reykjavík. Til þess að hafa þessi börn ekki með í útreikningum á meðalaldri er aðeins horft til þeirra barna þar sem aldur barns við fyrstu umsókn til borgarrekinna leikskóla er undir 12 mánaða.
- Á mynd 1 má sjá aldur barna við upphaf vistunar (innskráningu) eftir eðli umsóknar í borgarrekna leikskóla. Eins og sjá má eru börn flest á aldrinum 16-25 mánaða þegar þau hefja vistun en talsverður fjöldi er að byrja þegar þau eru eldri sem hefur áhrif á meðalaldur þessara barna. Börn sem flytja til borgarinnar eru á öllum aldri en þar sem kennitöluröðun ræður inntöku staldra eldri börnin oftast mjög stutt við á biðlistum áður en þau fá inngöngu.



Mynd 1 – Dreifing aldurs barna sem hófu vistun í borgarreknum leikskólum frá og með ágúst 2022 eftir eðli umsóknar. Aldur er miðaður við innskráningardag. Tölurnar eru frá 4. okt.

Gögn frá því fyrir haustið 2019 er að finna í gamalli útgáfu af Völunni – skráningarkerfi leikskólanna. Ef nálgast á gögn þaðan þarf að kaupa útkeypta vinnu við að endurræsa gömlu Völu. Auk þess er ekki hægt að sækja gögnin á sambærilegan hátt, fjarlægja flutningsumsóknir o.s.frv. og því yrði ekki hægt að bera saman við sambærilegar tölur frá því eftir 2019.

Niðurstöðurnar um meðalaldur barna þegar þau hefja vistun á tímabilinu ágúst – september ár hvert í borgarreknum leikskólum er að finna í töflu 1. Hafa ber í huga að aðeins er hægt að horfa til þeirra barna sem eru í vistun í leikskólunum í dag. Við búum ekki yfir upplýsingum um hvenær börn sem eru hætt í borgarreknu leikskólum hófu leikskólagöngu né hvort þau voru tekin inn í gegnum um flutningsumsókn eða venjulega umsókn. Því er fjöldi barnanna sem uppfylla forsendurnar færri þegar lengra er farið aftur í tíman (sjá dálk um fjölda barna) og gögnin frá 2019 minna áreiðanleg en nýrri gögnin því einhver börn eru hætt.

Ár	Meðaltal aldurs við innskráningu	Miðgildi aldurs við innskráningu	Fjöldi barna*
2019	20,1	20	396
2020	20,3	21	414
2021	20,1	20	481
2022	20,1	20	581

Tafla 1 – Meðalaldur og miðgildi aldurs barna þegar vistun hefst í borgarreknum leikskólum í ágúst og september árin 2019-2022

*Fjöldi barna sem uppfylla forsendur.



Þetta svar inniheldur aðeins upplýsingar um meðalaldur barna sem hefja vistun í borgarreknum leikskólum án aldurs barna sem hefja vistun í sjálfstætt starfandi leikskólum. Borgin er með samning við 17 sjálfstætt starfandi leikskóla og ber mestan hluta kostnaðar við rekstur þeirra. Því er eðlilegra að horfa jafnframt til aldurs þeirra barna þegar horft er að aldur við fyrstu leikskóladvöl barna í Reykjavík. Í töflu 2 er að finna meðalaldur barna sem hófu vistun í ágúst og september 2022 í bæði borgarreknum leikskólum og sjálfstætt starfandi leikskólum.

Tegund leikskóla	Meðaltal aldurs við innskráningu	Miðgildi aldurs við innskráningu	Fjöldi barna
Borgarrekinn leikskóli	20,1	20	581
Sjálfstætt starfandi leikskóli	17,0	15	298
Saman	19,0	19	879

Tafla 2 – Meðalaldur barna við innskráningu í leikskóla í ágúst og september 2022

Nokkur fjöldi sjálfstætt starfandi leikskóla sinnir aðeins allra yngsta aldurshópnum og flutningur frá sjálfstætt starfandi leikskólum til borgarrekinnna leikskóla er því mjög tíður eins og sést á mynd 1. Mörg barnanna eru hætt í vistun í sjálfstætt starfandi leikskólanum ári síðar og því ekki hægt að finna réttan meðalaldur barna þegar vistun hefst fyrir fyrri ár með sama hætti því svo fá börn eru eftir sem hófu vistun árinu áður.

Í minnisblaði sem lagt var fyrir á 221. fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2021 var meðalaldur barna við inntöku í bæði sjálfstætt starfandi og borgarrekna leikskóla 19 mánaða. Forsendur þar voru að börn hefðu innritast fyrir 36 mánaða aldur.

Frá og með þessu hausti verða sambærilegir útreikningar gerðir og meðalaldur barna við fyrstu inntöku reiknaðir og birtir með opinberri tölfræði sviðsins sem er birt á heimasíðu borgarinnar. <https://reykjavik.is/skola-og-fristundastarf-i-tolum>. Tölurnar eru uppfærðar árlega og nýjar tölur verða birtar í nóvember/desember.

Börnum í borgarreknum leikskólum hefur fjölgað um 121 barn, en á sama tíma fækkaði börnum um 134 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum sem margir hverjir glíma við sambærilegar áskoranir og borgarreknu leikskólarnir. Þannig að þrátt fyrir miklar uppbyggingu á leikskólum til þess að fjölga leikskólaplássum hefur börnum í vistun ekki fjölgað frá því fyrir ári (sjá töflu 3).

1. október 2021						
Fæðingarárgangur:	2020	2019	2018	2017	2016	Alls
Borgarrekni leikskólar	400	1.280	1.189	1.188	1.142	5.202
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Rvk	351	248	201	160	151	1.114
Samtals	751	1.528	1.390	1.348	1.293	6.316
1. október 2022						
Fæðingarárgangur:	2021	2020	2019	2018	2017	Alls
Borgarrekni leikskólar	413	1.207	1.348	1.219	1.136	5.323
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Rvk	259	221	194	180	126	980
Samtals	673	1.428	1.545	1.405	1.343	6.303

Tafla 3 – Fjöldi barna í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum í hverjum árgangi þann 1. október 2021 og 2022



Þá er rétt að taka fram að staða mönnunar hefur haft áhrif á hversu mörgum börnum hefur verið boðið pláss bæði í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum.

Þökk sé þeirri uppbyggingu á leikskólaplássum sem hefur verið í gegnum Brúum Bilið áætlunina, hefur verið hægt að flytja til börn í þeim leikskólum sem skyndilega hefur þurft að loka vegna viðmikilla verkefna tengdum rakaskemmtun og viðhaldi. Það hefur þó óhjákvæmilega leitt til þess að ekki hefur verið hægt að bjóða eins mörgum nýjum börnum vistun eins og vonir stóðu til.